



Ársskýrsla 2022



Ávarp forstjóra

Þjóðskrá Íslands er marglaga stofnun með fjölbreytt og mikilvæg verkefni sem snerta á einn eða annan hátt flest svið þjóðlífsins.

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að safna, varðveita og miðla gögnum um einstaklinga. Leiðarljós þjóðskrár er „Við fyrir þig“ og leggur stofnunin sig fram um að veita fyrsta flokks þjónustu sem sparar viðskiptavinum sporin hvar sem er- hvenær sem er.

Starfsfólk þjóðskrár starfar eftir aðferðafræði straumlínustjórnunar og vinnur að stöðugum umbótum alla daga til að auka stafræna þjónustu, einfalda og besta ferla og vinnulag til að veita viðskiptavinum sínum besta mögulega þjónustu. Þjóðskrá ber ábyrgð á einni af grunnskrám Íslands, þjóðskrá. Upplýsingar úr henni eru notaðar til að ákvarða um réttindi og skyldur einstaklinga sem hafa lögheimili á Íslandi og íslenskra ríkisborgara, til dæmis ákvörðun um skattskyldu, kosningarétt, rétt á íslensku vegabréfi og öðrum réttindum sem grundvallast meðal annars á lögheimili eða hjúskapastöðu. Réttar og uppfærðar upplýsingar úr þjóðskrá eru verðmætaskapandi og nýtast hinu opinbera sem og einkaaðilum við flestar vinnslur sem varða einstaklinga. Mikil áhersla er á samnýtingu gagna, samstarf við hagaðila og notendamiðuð þjónusta er ávallt í forgrunni. Stofnunin gefur út réttindaskilríki og vottorð ásamt kjörskrástofni og skráningu einstaklinga frá fæðingu til andláts.

Árið 2022 var viðburðaríkt hjá þjóðskrá. Í upphafi árs var ákveðið að flytja öll verkefni tengd fasteignum þar með talin tölvukerfi frá stofnuninni og einkenndist árið því nokkuð af þeim viðamikla aðskilnaði. Haft var að markmiði að þessi aðskilnaður yrði sem bestur fyrir bæði starfsfólk sem og viðskiptavinum og verður að teljast að það hafi gengið nokkuð vel.



Samhliða flutningi fasteignaskrár og tengdum verkefnum voru mannaúðsmál sett í forgrunn. Það er ánægjulegt að segja frá því að Þjóðskrá var í öðru sæti í sínum flokki í könnuninni um Stofnun ársins þar sem allir ríkisstarfsmenn eru spurðir um vinnustaðinn sinn. Könnunin er gerð á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sameykis. Þjóðskrá hækkaði um 63 sæti og heildarmat starfsmanna á stofnuninni var 4,45 sem er marktækt hærra en meðaltal hjá samanburðarstofnunum

Vefur Þjóðskrár, skra.is var tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna í flokki opinberra vefja. Þjóðskrá vann ekki en ljóst er að vefurinn er að skila sínu þar sem heimsóknir á síðasta ári voru tæplega 2 milljónir og unnið er markvisst að því að viðskiptavinurinn geti lokið sem flestu af sínum erindum sjálfvirk á netinu.

Gallup mælir árlega traust til stofnana og embætta og nýverið kom út skýrsla vegna ársins 2022. Í samanburði Gallup við aðrar stofnanir er Þjóðskrá Íslands á meðal þeirra efstu ásamt Landhelgisgæslunni, Embætti forseta Íslands og Háskóla Íslands. Það er ánægjulegt að sjá hvað Þjóðskrá nýtur mikils trausts í samfélaginu, en helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að 68% landsmanna bera mikið traust til Þjóðskrár

Hildur Ragnars

Settur forstjóri Þjóðskrár Íslands

Skipurit

Innviðaráðuneytið

Settur forstjóri
Hildur Ragnars

Þjónusta

Júlía Þorvaldsdóttir

- Framleiðsla
- Kosningamál
- Skilríkjaútgáfa
- Skráning
- Þjónustuver

Upplýsingatækni

Halldór B. Hreinsson

- Gagnastýring
- Hugbúnaðarþróun
- Tölvurekstur
- Vefumsjón
- Verkefnastýring
- Gæða- og öryggismál

Skrifstofa forstjóra

Hildur Ragnars

- Mannauður
- Fjármál
- Rekstur
- Lögfræði

Lykiltölur - fólk

4.404



Nýskráð börn

14.398



Nýskráðir erlendir
ríkisborgarar

4.377



Stofnun hjúskapar

1.224



Lögskilnaðir



Lykiltölur - framleiðsla

45.093 ↑

Útgefin vegabréf

27.949 ↑

Útgefin vottorð

1.324 ↓

Útgefin nafnskírteini

65.294 ↓

Flutningstill kynningar





Lykiltölur - Þjónusta

Fjöldi heimsóknna á skra.is

1.716.840

Komur í afgreiðslu

53.253

Símtöl

47.683

Svarbox og snjallmennni

21.445

Vinsælustu fréttir 2022 á skra.is

1. Fasteignamat 2023 er komið út
2. Ertu á leiðinni til útlanda?
3. Vinsælustu nöfnin 2021
4. Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum - janúar 2021
5. Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum í febrúar 2022



Umhverfismál og græn skref

Þjóðskrá Íslands lauk öllum nauðsynlegum aðgerðum til að ljúka hinum 5 grænu skrefum árið 2021. Síðan þá hefur stofnunin staðfest hlíti við þessi grænu skref með því skila Grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar, nú síðast þann 1 apríl 2023.

Græna bókhaldið felur jafnframt í sér að stofnunin setur sér hlutlæg markmið varðandi lækun á kolefnisspori vegna starfsemi sinnar og óhætt er að segja að stofnunin hafi náð verulegum árangri á því sviði. Stofnunin hefur haft þá stefnu að minnka pappírnotkun og í því samhengi mætti nefna að árið 2021 var stofnunin að nota 492 kg að pappír árlaga. Árið 2022 féll þess notkun niður í 70 kg. Akstur bifreiða á vegum stofnunarinnar dróst einnig saman um rúmlega 5000 km og úrgangur vegna reglulegar starfsemi lækkaði um 2.3 tonn.

Á þessu ári er stefnt að því að lækka kolefnisspor stofnunarinnar um 20% til viðbótar með markvissum aðgerðum gagnvart úrgangi, pappírnotkun og samgöngum.“



70 kg


Áætlað magn úrgangs miðað við hlutdeild þjóðskrár á skrifstofu í Reykjavík.




67%

Af öllum úrgangi í Borgartúni eru send til endurvinnslu.

Akstur



Prentað blöð



Áfangar í starfsemi 2022



Fasteignahluti Þjóðskrár fluttur til HMS



Bætt þjónusta



Þjóðskrá er fyrirmyndarstofnun



Vefur Þjóðskrár, skra.is hlýtur tilnefningu til Íslensku vefverðlaunanna



Þjóðskrárgáttin

Fasteignahluti Þjóðskrár fluttur til HMS

Fasteignasvið Þjóðskrár – fasteignaskrá, fasteignamat og útreikningur á álagningu sveitarfélaga fluttist yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á haustmánuðum og sameinaðist starfsemi tengdri mannvirkjaskrá.

Ýmis verkefni á stoðþjónustusviðum Þjóðskrár færðust einnig yfir, s.s. á sviði hugbúnaðarþróunar, reksturs, gagna og sérvinnslu, þjónustu og sölu, sem snýr að fasteignaskrá og tengdum skrám, enda órjúfanleg heild í starfseminni.

” Við viljum stöðugt bæta þjónustu við samfélagið og með því að færa fasteignaskrána til HMS getur fólk nú leitað á einn stað með erindi tengd fasteigum og húsnæðismálum. Með þessum breytingum er stigið stórt skref til að samhæfa og einfalda þjónustu á vegum hins opinbera á sviði húsnæðismála. Tilgangurinn er að auka yfirsýn til að gera stjórnvöldum kleift að gera markvissari aðgerðir til að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði. Þjóðskrá Íslands gegnir mikilvægu hlutverki eftir breytingarnar og þar starfar öflugt fagfólk, sem mun taka þátt í að efla enn frekar þjónustu á vegum stofnunarinnar.

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra


Bætt þjónusta

Við viljum vera framúrskarandi þegar kemur að stafrænni vegferð og er áframhaldandi áhersla á stafræna þjónustu og sjálfsafgreiðslulausnir fyrir einstaklinga sem þurfa á þjónustu okkar að halda.

Rafræn Auðkenning í síma - Til að veita örugga og persónulega þjónustu í gegnum síma getur einstaklingur auðkennt sig með rafrænum skilríkjum á meðan á afgreiðslu stendur.

SMS þjónusta - Þegar vottorð er tilbúið er SMS sent á þann sem pantaði og vottorð afhent með þeim hætti sem óskað var eftir í pöntun

Stafrænt Pósthólf - Vottorð og önnur gögn sem óskað er eftir eru send í stafrænt pósthólf á mínum síðum á [Ísland.is](https://www.island.is)




Fyrirmyndarstofnun

Þjóðskrá varð í öðru sæti í flokki meðalstórra stofnana í Stofnun ársins árið 2022 og er því fyrirmyndarstofnun.

Þegar horft er á heildarniðurstöður allra stofnana er Þjóðskrá í 14. sæti og tekur verulegt stökk eða úr sæti 77 frá síðasta ári.

STOFNUN | 2022
ÁRSINS




Vefur Þjóðskrár tilnefndur til Íslensku vefverðlaunanna

Íslensku vefverðlaunin eru uppskeruhátíð vefiðnaðarins sem haldin eru árlega á vegum Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) með það markmiði að efla iðnaðinn, verðlauna bestu vefina og hvetja þá sem starfa á þessum vettvangi til dáða.

Vefur Þjóðskrár, skra.is var tilnefndur í flokknum "Besti opinberi vefurinn" og deildi hann topp sætunum ásamt vefjum Reykjavíkurborgar, Hörpu, Ísland.is og Borgarlínunnar.



<SVEF>




Þjóðskrárgáttin

Undir gögn á skra.is er að finna þjóðskrárgáttina. Þar er hægt að sjá ýmsa gagnlega og skemmtilega tölfræði sem er sett upp á einfaldan og skýran hátt fyrir notendur.

Fyrir landið allt og einnig fyrir hvert sveitarfélag er hægt að sjá:

- Algengustu nöfnin
- Vinsælustu nöfnin
- Aldursdreifingu
- Íslendinga búsetta erlendis – listi yfir vinsælustu löndin
- Tölfræði fyrir sveitarfélög, brotið niður eftir íslenskum erlendum ríkisborgurum, kyni og aldri






Útgáfa vegabréfa

Útgefin vegabréf voru samtals **45.093** árið 2022 sem er talsverð aukning frá 2021 þegar útgefin vegabréf voru 21.955. Útgáfa vegabréfa hefur því sannarlega tekið við sér frá því að lágmarki var náð árið 2020 þegar gefin voru út 8.503 vegabréf og er reiknað með útgefin vegabréf árið 2023 verði hátt í 60.000 . Embætti sýslumanna annast umsóknir um vegabréf hér á landi en Þjóðskrá gefur þau út. Útgáfa vegabréfa fer fram í Reykjavík.

Útgefin vegabréf




Þjóðskrá í fjölmiðlum


Fjölmiðlavakt Creditinfo bæði telur og flokkar umfjöllun í fjölmiðlum. Á árinu 2022 var fjöldi fréttar um þjóðskrá rúmlega 800. Fréttir sem tengjast stofnuninni eru af ýmsum toga og vekja fréttir sem tengjast íbúafjölda eftir sveitarfélögum, hlutfall erlendra ríkisborgara og nöfn landsmanna yfirleitt eftirtekt fjölmiðla.

Þjóðskrá Íslands fylgist einnig með því hvernig stofnunin kemur út í samanburði við aðrar ríkisstofnanir og fyrirtæki. Almennt er umfjöllun um þjóðskrá jákvæð. Ef jákvæðar fréttir eru teknar sem hlutfall af öllum fréttum sem flokkast sem jákvæðar eða neikvæðar þá voru rúmlega 9 jákvæðar fréttir fyrir hverja neikvæða á árinu 2022 sem er svipað og undanfarin ár.

Hlutfall jákvæðra fréttar í fjölmiðlum



Fjöldi fréttar tengd þjóðskrá



Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgað um 7,5 prósent

Erlendum ríkisborgurum með búsetu á Íslandi skilað að vanda 66 þúsund talsins eftir að hafa fjölgað um 7,5 prósent frá desember fram í júlí. Alls eru nú búsett á Íslandi ríflega 380.000 manns.

Þingskipti | Morgunblaðið | 7.3.2022 | 5:30 | Uppfært 6:00



- Vinsælust í dag
- 1 Míglega mest smitaðir afhrifni borgarar
 - 2 Skráðum fæddum börnum í Þingeyri
 - 3 Er fíkir á Íslandi fjölgað um 7,5 prósent?
 - 4 Taka fyrri og síðari á milli á fjölgun

Úkraínumönnum hér á landi fjölgað 490 prósent

Samúel Karl Ólason skrifar | 19. júlí 2022 16:45



Fólk í miðba Reykjavíkur.

Erlendum ríkisborgurum með búsetu hér á landi voru 59.105 þann 1. júlí. Þeir fjölgað um 4.126 frá 1. desember en sú fjölgun samsvarar 7,5 prósentum.

Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands en þar segir að úkraínskum ríkisborgurum hér á landi hafi fjölgað um 490 prósent á áður nefndu tímabili. Þann 1. júlí voru úkraínsmenn skráðir í þjóðskrár.

Fólk frá Venesúela hefur einnig fjölgað töluvert eða um 57 prósent. Þau eru nú búsett á Venesúela sem búa hér á landi.

Stærsti hópur erlendra ríkisborgara hér á landi er myndaður af Pólverjum. Þeir fjölgað um 22.020 talsins hér á landi og hefur fjölgað um 568 einstaklinga frá því

Fæðingum hefur fjölgað undanfarin ár



Skráðum fæddum fjölgar. Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Facebook, Twitter, Email, YouTube icons

Morgunblaðið

Guðni Einarsson
gudni@mbl.is

Setja bókamerki

Skráðir fæddir hjá Þjóðskrár Íslands voru 4.875 í fyrra eða 664 fleiri en árið 2018 þegar þeir voru 4.211. Skráðum fæddum hefur fjölgað ár frá ári undanfarin fjögur ár, samkvæmt tölum þjóðskrár.

Ágúst mánuður í fyrra sló met hvað varðar fjölda skráðra fæðra á þessu fjögurra ára tímabili en þá voru skráðir fæddir 448. Júlí 2021 kom næstur með 445 skráða fædda og maí 2021 var í þriðja sæti með 438 skráða fædda yfir allt tímabilið.

Fæstir skráðir fæddir á þessu tímabili voru í febrúar 2018 þegar þeir voru 281 og var það einnig mánuðurinn með færri en 300 skráða fædda á tímabilinu.

Nærri 2/3 nýfædda barna 2021 voru á höfuðborgarsvæðinu eða 3.200 af alls 4.875. Fæst voru hafi á Vestfirðum eða 79 en erlendis voru skráðir fæddir 35.

Aron og Embla vinsælustu mannanöfnin í fyrri

Kjartan Kjartansson skrifar | 28. október 2022 14:21



Fækkar í Þjóðkirkjunni en Siðmennt bætir við sig

Vesteinn Örn Pétursson skrifar | 7. september 2022 17:55



Enn fækkar meðlimum Þjóðkirkjunnar.

VÍSIR/VILHELM

Meðlimum Þjóðkirkjunnar hefur fækkað um rúmlega tólf hundruð frá 1. desember síðastliðnum. Mesta fjölgunin í tímabilinu varð hjá Siðmennt.

Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Þjóðskrár. Þar segir að alls hafi 228.064 einstaklingar verið skráðir í Þjóðkirkjuna 1. september síðastliðnum, sem eru 1.202 færri en 1. desember síðastliðnum. Þjóðkirkjan er þrátt fyrir það langfjölmasta trúfélög landsins.

Þæglega 1.500 Reykvíkingar fluttu lögheimili sitt





Þæglega 1.500 Reykvíkingar fluttu lögheimili sitt.

Facebook, Twitter, Email, YouTube icons

Alls fluttu 1.462 Reykvíkingar lögheimili sitt í apríl. Af þeim fluttu 247 einstaklingar sig um set til nágrannasveitarfélaganna innan höfuðborgarsvæðisins. mbl.is/Sigurður Unnar Ragnarsson

Þetta kemur fram á heimsíðu þjóðskrár, en stofnunin mun hér eftir birta mánaðarlegar fréttir.





Við erum Þjóðskrá

- **56** starfsmenn voru í árslok, þar af **35** konur og **21** karlar
- Meðalaldur okkar er **45,2** ár og meðalstarfsaldur **8,7** ár
- **54%** er með háskólamenntun
- Við tölum **10** tungumál: íslensku, ensku, dönsku, sænsku, norsku, frönsku, spænsku, þýsku, pólsku og litháensku
- Við eigum að meðaltali **1,52** börn
- **44%** starfsmanna eiga gæludýr
- Við elskum að hreyfa okkur, **82%** stunda hreyfingu og **70%** eiga hjól
- **28%** eru með tattoo og **sama** prósentu eiga rafbíl :)

WWW.SKRA.IS
SKRA@SKRA.IS
SÍMI / TEL (+354) 515 5300
BORGARTÚNI 21 - 105 REYKJAVÍK



Ljósmyndir: Gollí
Teikningar: Viktoria Buzukina
Efnistöð og uppsetning: Þjóðskrá